



## Fundargerð ungmennaráðs 30. apríl

### Vopnafjarðarhreppur

## Fundur Ungmennaráðs Vopnafjarðar 30. Apríl 2019 kl. 16

Fundur settur kl. 16

Mætt: Einar Gunnlaugsson, Árni Fjalar Óskarson, Indía Rebekka Jónsdóttir, Bergþóra Marín Sveinsdóttir, Guðný Alma Haraldsdóttir og Þórhildur Sigurðardóttir er ritar fundargerð.

#### 1. Mál Stækkun á sparkvelli

Ungmennaráð vill hvetja til þess að notað verði tækifærið til að stækka sparkvöllinn, þar sem búið er að samþykkja í hreppsnefnd að skipta um gras á vellinu. Ungmennaráð telur að völlurinn verði betur nýttur bæði af Einherja og Grunnskólabörnum ef hann yrði stækkaður þar sem hægt væri að skipta honum í tvo hluta og þá gætu bæði yngstu og elstu nemendur skólans nýtt hann á sama tíma. Ungmennaráð hvetur til þess að malbik á skólavelli verði lagað, vísað til fundargerða bæði 28. nóvember 2018 og 18 október 2017

#### 2. Ungmennahús

Rætt var um opnun ungmennahúss til að byrja með í húsnæði félagsmiðstöðvarinnar þar sem flest tæki eru til staðar. Ungmennaráð var upplýst um það að HBGrandi hefur boðist til að gefa 2-3 borðölvur til að nota í félagsmiðstöð og ungmennahúsi. Eins hefur félagmiðstöðin fengið styrk til að nota í félagstarfið.

#### 3. Önnur mál.

Ungmennaráð óskar eftir upplýsingum varðandi hvenær verður byrjað á Strandblakvelli og Vallarhúsi. Ungmennaráð vill einnig ítreka að Rampur verði seldur!

Fundi slitið 16.35

Þórhildur Sigurðardóttir